

Nd.

904. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 4. grein.

Aftan við greinina bætist:

Undanþegnar tolli þessum eru vörur þær, sem seldar hafa verið til útlanda fyrirfram samkvæmt samningi eða símskeytum, en ófluttar eru til útlanda, er lög þessi koma í gildi.

2.

Aftan við 6. grein komi ný 7. og 8. grein svo hljóðandi:

• 7. gr.

Tolli þeim sem innheimtist, skal svo fljótt, sem unt er, komið i gullmynt.

3.

8. grein.

Landssjórninni er heimilt, að veita bæjarfjelögum, sýslufjelögum og hrepps-fjelögum, er harðast verða úti vegna dýrtiðarinnar, samtals alt að 150 þúsund króna lán úr landssjóði, gegn 4% ársvöxtum, til vörukaupa, og þó einkum til fyrirtækja, sem veitt geti fátækum fjölskyldumönnum atvinnu, og endurborgist lánin með jöfnum afborgunum, á eigi lengri tíma en 20 árum.

4.

Greinatalan breytist eftir því.